



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

26. FUNDUR – 4. júní 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 26. fundar miðvikudaginn 4. júní 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Erla Gunnarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur 2007 (Fyrri umræða)**
2. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 28. maí 2008**
 - b. **Fræðslunefnd frá 20. maí 2008**
 - c. **Menningar- og fegrunarnefnd frá 27. maí 2008**
 - d. **Framkvæmdarhópur um byggingu sundlaugar frá 14. maí 2008**
3. **Afgreiðsla samþykktar vegna samstarfsverkefna**
4. **Bygging sundlaugar**
5. **Erindi Hesteigendafélagsins á Blönduósi**

Forseti leggur til að tekinn verði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt samhljóða.

6. **Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. **Ársreikningur 2007 (Fyrri umræða)**

Mættur er Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi KPMG og fór hann yfir ársreikninginn, samstæðu og fyrirtæki. Einnig sátu fundinn fjármálastjóri Valgerður Hilmarsdóttir og kjörinn skoðunarmaður ársreikninga Jón Sigurðsson. Umræður urðu um ársreikninginn. Einnig fór hann yfir skýrslu endurskoðanda. Vék endurskoðandi ásamt fjármálastjóra og kjörnum skoðunarmanni af fundi að loknum þessum lið.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum, að vísa ársreikningi Blönduósbæjar 2007 – fyrirtækja og stofnana til síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar.
2. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 28. maí 2008**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. **Fræðslunefnd frá 20. maí 2008**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Valdimar Guðmannsson lagði fram eftirfarandi bókun:
„Varðandi lið 5 um skólamáltíðir. Undirritaður telur að skoða eigi vel þann kost að nýta Félagshemilið fyrir skólamáltíðir, meðan ekki er búið að koma upp framtíðarhúsnæði á skólóðinni. Einnig væri áhugavert að athuga hvort grundvöllur sé fyrir að skólamáltíðir verði útbúnar í nýju eldhúsi Leikskólans eða í



eldhúsi Félagsheimilisins. Gangi hvorugur samkvæmt ofanrituðu fyrir sig verði máltíðirnar boðnar út eins og áður“.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c. Menningar- og feqrunarnefnd frá 27. Maí 2008

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Framkvæmdarhópur um byggingu sundlaugar frá 14. maí 2008

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Afgreiðsla samþykktar vegna samstarfsverkefna

Forseti greindi frá stöðu mála varðandi samstarfsverkefni sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Lögð er fram tillaga um bæjarstjóra verði falið að undirrita samninga og samþykktir samstarfsverka vegna þessa.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Lögð er fram tillaga að kosningu eftirfarandi aðila í stjórnir vegna samstarfsverkefna:

- Byggðasamlag um Tónlistarskóla:
Aðalmaður Valgarður Hilmarsson og varamaður Héðinn Sigurðsson.
- Byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu:
Aðalmaður Héðinn Sigurðsson og varamaður Zophonías Ari Lárusson.
- Byggðasamlag um Menningu og atvinnumál:
Aðalmaður Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og varamaður Valdimar Guðmannsson.
- Búfjárefntirlits- og fjallskilanevnd:
Aðalmaður Gauti Jónsson og varamaður Þórður Pálsson.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum samhljóða. 2 sátu hjá.

4. Bygging sundlaugar

Löð er fram eftirfarandi tillaga:

1. Bæjarstjórn Blönduós samþykkir að hefja byggingu sundlaugar á grundvelli þeirra teikninga sem unnar hafa verið á vegum sundlaugarhóps.
2. Samþykkt er að hefja þegar undirbúning að útboði fyrsta verkhluta.
3. Samþykkt er að fyrsta skóflustungan á framkvæmdinni verði á Húnavöku.

Miklar umræður sköpuðust um byggingu sundlaugar.

Valdimar Guðmannsson lagði fram eftirfarandi bókun:

„Undirritaður fulltrúi Á-listans telur að eftirfarandi atriði þurfi að liggja fyrir áður en bæjarstjórn Blönduóss taki endanlega afstöðu til byggingar sundlaugar.

1. Fullgerð kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar liggja fyrir.
2. Hvernig fjármögnun framkvæmdarinnar verði háttáð og á hvaða kjörum.
3. Lokið verði gerð 3ja ára framkvæmdaráætlun Blönduósþéjar, en henni átti að vera lokið í mars s.l. samkvæmt samþykkt allra bæjarfulltrúa sem gerð var um leið og 3ja ára fjarhagsáætlun var afgreidd.



4. Þegar liðir 1-3 liggja formlega fyrir þarf að endurskoða 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar með hliðsjón af framkvæmdar- og fjármagnspörf.

Þegar ofangreind atriði liggja fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að bæjarstjórn taki ábyrga afstöðu til byggingar sundlaugar á Blönduósi. Ef niðurstaðan verður sú að ráðist verði í framkvæmd þá er algjört skilyrði að um alútböð sé að ræða".

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum samhljóða. Valdimar Guðmannsson sat hjá.

5. Erindi Hesteigendafélagsins á Blönduósi

Forseti greindi frá bréfi sem Hesteigendafélagið sendi bæjarstjórn Blönduósbæjar.

Lögð er fram eftirfarandi tillaga:

Bæjarstjórn samþykkir að skipa starfshóp og hefja viðræður við Hesteigendafélagið um sameiginleg málefni. Bæjarstjórn sér sig ekki fært að gera frekari breytingar á leigu beitilands á árinu 2008.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Eftirfarandi aðilar eru skipaðir í viðræður við Hesteigendafélagið: Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Ágúst Þór Bragason.

6. Önnur mál:

- Bréf Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, þar sem hún óskar eftir tímabundnu leyfi frá störfum bæjarfulltrúa. Frá 1. júní til 1. október 2008. Leyfið veitt með 7 atkvæðum samhljóða.
- Lögð fram drög að fjallskilareglugerð fyrir Austu-Húnavatnssýslu. Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við drögin.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Erla Gunnarsdóttir (sign.)